

máls er að sjálfsögðu með öllu ófær og ekki sæmandi löglærðum rannsóknardómara að láta frá sér fara“.

Ber því samkvæmt 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála að dæma hann í 500.00 króna sekt til ríkissjóðs vegna ummæla þessara.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Ákærði, Lon Midkiff jr., greiði 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Frá sama tíma er ákærði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Árna M. Jónssonar, kr. 600.00.

Stefán Guðjohnsen hdl. greiði kr. 500.00 í réttarfarssekt til ríkissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 30/1958. **Kristinn Indriðason** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn

Oddi Jónssyni (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

Dómdendur:

hæstaréttardómaramenn Árne Tryggvason, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Mál til heimtu kostnaðar af yfirmatsgerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1958. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7096.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 28.392.00 frá 14. marz 1956 til 22.

nóvember 1957 og af kr. 7096.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál. Til vara krefst stefndi þess, að honum verði einungis dæmt að greiða áfrýjanda kr. 4296.00 með 6% ársvöxtum frá 24. júlí 1957 til greiðsludags og hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu.

Loks krefst stefndi málflutningslauna til handa talsmanni sínum hér fyrir dómi.

Samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eiga fullar bætur að koma fyrir eign, sem tekin er eignarnámi. Réttur til bóta samkvæmt þessu boði stjórnarskrárinnar væri skertur, ef sá, sem eign sinni er sviptur með þessum hætti, ætti sjálfur að bera lögmætan kostnað af ákvörðun bótanna. Af þessu leiðir, að ákvæði 10. gr. laga nr. 113/1952 um greiðslu yfirmatskostnaðar af hendi eignarnámsþolanda samrýmast ekki nefndri grein stjórnarskrárinnar og hafa því ekki lagagildi. Að svo vöxnu máli á stefndi að bera allan kostnað af yfirvirðingu rekaitaks þess, er hann leysti til sín úr hendi áfrýjanda, eins og lýst er í héraðsdómi. Verður krafa áfrýjanda hér fyrir dómi um endurgreiðslu á eftirstöðvum nefnds kostnaðar, kr. 7096.00, því tekin til greina og stefnda dæmt að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 24. júlí 1957 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málflutningslaun talsmanns stefnda í héraði. Málflutningsmanns talsmanns stefnda hér fyrir dómi, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, Oddur Jónsson, greiði áfrýjanda, Kristni Indriðasyni, kr. 7096.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 24.

júlí 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Ákvæði héraðsdóms um málflutningslaun talsmanns stefnda í héraði staðfestist. Málflutningslaun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði prófessors Ólafs Jóhannessonar.

Löggjafinn getur ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, að eignarnámsþoli, er krefst yfirmats á eignarnámsbótum, skuli taka þátt í kostnaði, sem af þeirri yfirmatsgerð leiðir. Er með þeim hætti spornað við þarflausu málsskoti á mati dómkvaddra manna, enda er löggjafanum í sjálfsvald sett, hvort hann heimilar yfirmat eða ekki. Ber því í máli þessu að fara eftir skýrum fyrirmælum 10. gr. laga nr. 113/1952, enda hafa svipuð ákvæði verið í lögum hér á landi síðastliðin 40 ár, án þess að gildi þeirra hafi nokkru sinni, svo kunnugt sé, verið véfengt fyrir dómi.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Samkvæmt þessu verður dómsorð mitt:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmans, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Strandasýslu 28. janúar 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 28. janúar, var á aukadómþingi Strandasýslu kveðinn upp dómur í málinu nr. 3/1957: Kristinn Indriðason gegn Oddi Jónssyni.

Mál þetta, sem flutt hefur verið skriflega og tekið var til dóms 18. f. m., er höfðað hér fyrir dómi af Kristni hreppstjóra Indriðasyni á Skarði á Skarðsströnd í Dalasýslu með stefnu, útgefinni 25. september s.l. og birtri 26. s. m., á hendur Oddi bónda Jónssyni í Þorpum í Kirkjubólshreppi, hér í sýslunni, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 28.392.00 með 6% ársvöxtum frá 14. marz 1956 til greiðsludags og málskostnaði, þar á meðal dagpeningum og ferðakostnaði, að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Tildrög málsins eru þessi:

Stefnandi er eigandi rekaftaks í landi Þorpa á svæðinu frá Hellnanesi að Grind. Með bréfi, dagsettu 14. marz 1956, og áritun á það, dagsettri 11. desember s. á., beiddist stefndi þess, að dómarrinn dómkveddi tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að gera mat og álit um ítakið í því skyni, að stefndi leysti það til sín samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum. Hinn 1. febrúar 1957 voru dómkvaddir þeir Alfreð bóndi Halldórsson á Kollafjarðarnesi og Runólfur bóndi Sigurðsson í Húsavík, báðir í Kirkjubólshreppi, til þess að gera umbeðið mat og álit. Hinn 18. marz s. á. gerðu þeir mat sitt og álit um ítakið. Varð niðurstaða þeirra sú, að þeir töldu hagsmuni stefnda af að njóta ítaksins meiri en þau not, sem stefnandi gæti af því haft, og mátu þeir ítakið til peningaverðs á kr. 4.000.00. Þessu vildi stefnandi eigi una. Óskaði því Magnús hæstaréttarlögmaður Thorlacius þess fyrir hönd stefnanda í bréfi til dómarrans, dagsettu 6. maí s.l., að hann dómkveddi þrjá menn til þess að gera yfirálit og yfirmat á téðu ítaki.

Dómarrinn kvaddi 10. s. m. þá Gizur hæstaréttardómara Bergsteinsson, Pálma landnámsstjóra Einarsson, báða í Reykjavík, og Jón hreppstjóra Sigurðsson í Stóra-Fjarðarhorni í Fellshreppi, hér í sýslunni, til þess að gera umbeðið yfirálit og yfirmat. Þeir kváðu upp yfirmat sitt og álit 23. júlí s.l. Álitu þeir á sama hátt og undirmatsmennirnir hagsmuni stefnda meiri af að njóta ítaksins en stefnanda, og mátu þeir ítakið til peningaverðs á kr. 17.000.00. Yfirmatsmennirnir reiknuðu sér hver um sig kr. 2800.00 í þóknun vegna starfs síns, samtals kr. 8400.00. Lögmaður stefnanda, sem viðstaddur var yfirmatið, reiknaði sér í þóknun þess vegna kr. 2800.00. Kostnaður við dómkvaðningu yfirmatsmanna nam kr. 192.00. Telur stefnandi því kostnað vegna yfirmatsins nema alls kr. 11.392.00. Að yfirmatsverðinu, kr.

17.000.00, viðbættu téðum kostnaði, verða um að ræða kr. 28.392.00, sem er stefnukrafa í máli þessu.

Meðan rekstur málsins hefur staðið yfir, hefur lögmaður stefnda þann 15. nóvember s.l. lagt yfirmatsverðið kr. 17.000.00, auk 6% ársvaxta frá 23. júlí s.l., sem honum reiknast nema kr. 317.34, samtals kr. 17.317.34, á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands til geymslu og lögmanni stefnanda til ráðstöfunar. Fé þessu kveðst lögmaður stefnanda hafa veitt viðtöku 22. s. m. upp í dómkröfur stefnanda.

Stefndi telur yfirmatskostnaðinn eiga að nema aðeins kr. 8.592.00, þ. e. þóknun til yfirmatsmannanna kr. 8.400.00 og dómkvaðningarkostnað kr. 192.00. Þóknun til lögmanns stefnanda kr. 2.800.00 vegna móts við yfirmatið mótmælir stefndi algerlega að greiða. Téðar kr. 8592.00 telur stefndi sig samkvæmt 10. gr. laga nr. 113/1952 eiga aðeins að greiða að hálfu eða kr. 4.296.00. Þá fjárhæð greiddi lögmaður stefnda 20. nóvember s.l. á sérstakan reikning í Landsbanka Íslands, auk 6% ársvaxta frá 23. júlí s.l., sem hann telur nema kr. 83.77, samtals kr. 4.379.77, til geymslu og lögmanni stefnanda til ráðstöfunar. Fé þessu kveðst sá lögmaður hafa veitt viðtöku 22. nóvember s.l. upp í dómkröfur stefnanda.

Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru tvíþættar. Annars vegar er um að ræða yfirmatsverðið, kr. 17.000.00, og vexti af þeirri fjárhæð og hins vegar er um að ræða yfirmatskostnaðinn og vexti af honum. Skulu atriði þessi nú tekin til athugunar.

Hvað varðar yfirmatsverðið, þá hefur það, kr. 17.000.00, þegar verið greitt samkvæmt kröfu stefnanda, eins og að framan greinir, og kemur það út af fyrir sig eigi frekar til meðferðar hér fyrir dómi. Hins vegar hefur stefnandi krafizt 6% ársvaxta af téðum kr. 17.000.00 frá 14. marz 1956, er hann telur stefnda hafa hafizt handa um að fá leyst til sín umrætt rekaítak, til greiðsludags. Stefndi hefur neitað að greiða vexti nema frá dagsetningu yfirmatsins 23. júlí s.l. Með því að höfuðstóllinn kr. 17.000.00 myndast ekki fyrr en hann er ákveðinn með yfirmatinu 23. júlí s.l., verður að fallast á það með stefnda, að hann verði eigi skyldaður til að greiða vexti af fjárhæðinni fyrir 23. júlí s.l. Með því ennfremur, að stefndi hefur greitt 6% ársvexti af téðum kr. 17.000.00 frá 23. júlí s.l. til 15. nóvember s.l., er hann greiddi kr. 17.317.34 á bankareikning, lögmanni stefnanda til ráðstöfunar, svo sem að framan greinir, þá ber að sýkna stefnda af frekari vaxtagreiðslu af téðum kr. 17.000.00.

Um síðara atriðið, kostnað af yfirmatinu, er sá ágreiningur, sem að framan greinir, að stefnandi krefst úr hendi stefnda alls yfirmatskostnaðarins, sem hann telur nema kr. 11.392.00 með 6% ársvöxtum frá 14. marz 1956 til greiðsludags, en stefndi telur kostnað þennan nema aðeins kr. 8.592.00 og neitar að greiða hann nema að hálfu eða kr. 4.296.00 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí s.l. að telja. — Um kostnað af yfirmati segir í 10. gr. laga nr. 113/1952, að hann skuli greiðast af matsbeiðanda, ef engin breyting á matinu verður honum í vil. Ella greiðist yfirmatskostnaðurinn að hálfu af hvorum aðilja. Þetta ákvæði telur stefnandi brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 17. júní 1944. Telur hann sig ekki fá fullt verð fyrir eign sína, sem hann er skyldaður til að láta af hendi samkvæmt lögum nr. 113/1952, ef hann á að bera helming kostnaðar af yfirmatinu. Stefndi heldur því hins vegar fram, að téð ákvæði í 10. gr. laga nr. 113/1952 sé í fullu samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar og beri honum því að greiða aðeins helming yfirmatskostnaðarins. Hefur hann í því sambandi bent á ákvæði laga nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms máli sínu til stuðnings. Það er rétt, að ákvæði 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917 og 2. málsl. 10. gr. laga nr. 113/1952 eru að því leyti samhljóða, að verði engin breyting á mati gerð við yfirmat matsbeiðanda í vil, þá er honum gert að greiða allan kostnað við yfirmatið. Hins vegar segir í 6. gr. laga nr. 61/1917, að breytist mat matsbeiðanda í vil við yfirmat um 10% eða meira, þá skuli hinn aðilinn greiða kostnaðinn. Eigi er vitað, að dómstólar hafi talið ákvæði laga nr. 61/1917 fara í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins. Það ákvæði í 10. gr. laga nr. 113/1952, að kostnaður við yfirmat skuli skiptast að jöfnu milli aðilja, ef mat breytist við yfirmat matsbeiðanda í vil, er að því leyti nýmæli, að það er á annan veg en ákvæði um sama efni í 6. gr. laga nr. 61/1917, en þar með þarf það ekki að brjóta í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, að „fullt verð“ skuli koma fyrir þá eign, sem lögnumin sé. Ákvæðið um „fullt verð“ í 67. gr. stjórnarskrárinnar hefur aldrei verið skýrt þröngt í lögfræðinni né í framkvæmd. Þvert á móti finnast þess mörg dæmi, að nærri þessum bókstaf er höggvið í ýmsum lögum, án þess að talið sé brjóta í bága við ákvæðið um „fullt verð“ í 67. gr. stjórnarskrárinnar. Það er ekki óeðlilegt, að leggja nokkra fjárhagslega áhættu á þann, sem beiðist yfirmats, enda er það gert í 6. gr. laga nr. 61/1917, þó að í minna mæli sé en

gert er í 10. gr. laga nr. 113/1952. Aðeins er hér um að ræða, hvort of langt sé gengið í þessu efni í síðarnefnda ákvæðinu. Það er vitanlega matsatriði, sem um má deila. En með það fyrir augum, hve rúmt ákvæðið um „fullt verð“ í 67. gr. stjórnarskrárinnar hefur almennt verið skilið, lítur dómurinn svo á, að umdeilt ákvæði í 10. gr. laga nr. 113/1952 brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt því þykir rétt, að yfirmatskostnaður sá, sem um er deilt í máli þessu, skuli samkvæmt 10. gr. laga nr. 113/1952 skiptast að jöfnu milli aðiljanna.

Um fjárhæð yfirmatskostnaðarins er, svo sem að framan greinir, það að segja, að stefnandi telur hann nema kr. 11.392.00, en stefndi telur hann nema kr. 8.592.00, og er mismunurinn, sem á milli ber, kr. 2.800.00, sú þóknun lögmanns stefnanda, sem hann reiknar sér vegna móts við yfirmatið. Spurningin er hér, hvort stefnandi á rétt á að krefjast af stefnda þóknunar handa sér eða umboðsmanni sínum fyrir að mæta við yfirmatið, en engin krafa um slíkt hefur komið fram af hálfu stefnda fyrir sig. Í samræmi við 6. sbr. 3. gr. laga nr. 61/1917 var í dómkvaðningu ákveðið, að yfirmatsmennirnir skyldu gera þeim aðiljum, er yfirmatið varðaði, kost á að vera við það staddir til að gæta réttar síns. Ekki þykir rétt að telja kostnað af slíku til yfirmatskostnaðar. Þykir eðlilegt, að hvor aðili um sig skuli bera kostnað af að mæta eða láta mæta við yfirmatið. Samkvæmt þessu verður að fallast á það með stefnda, að honum beri aðeins að greiða helming af kr. 8.592.00 eða kr. 4.296.00 með 6% ársvöxtum frá 23. júlí s.l. að telja. Fjárhæðina, kr. 4.296.00, hefur lögmaður stefnda greitt á bankareikning, lögmanni stefnanda til ráðstöfunar, 20. nóvember s.l. ásamt 6% ársvöxtum til 20. nóvember s.l., eins og áður greinir. Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi sýknast af frekari kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Stefndi hefur fengið gjafvörn í máli þessu. Ber því að greiða þóknun til skipaðs talsmanns hans, Sveinbjarnar Dagfinnssonar hdl., úr ríkissjóði. Þykir sú þóknun hæfilega ákveðin kr. 2.000.00.

Dráttur á dómsuppsögu stafar af óvenjulega miklu annríki dómarsins, sem hefur undanfarið unnið að því að undirbúa brottför sína úr þessu embætti.

Dómsorð:

Stefndi, Oddur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristins Indriðasonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Þóknun talsmanns stefnanda, Sveinbjarnar Dagfinnssonar hdl., kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 65/1958. **Árnason, Pálsson & Co. h.f.**
 gegn
 Brandi Brynjólfssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h.f., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 98/1958. **Ruth Einarsdóttir**
 gegn
 Guðmundi Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ruth Einarsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
